



Minnisblað umhverfissviðs

Efni: Framkvæmdir við reiðstíg í Oddsbrekkum

Dags: 23. nóvember 2021

Frá: Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri

Mosfellsbæ hefur borist ábending um talsvert rask og landmótun við gerð reiðstígs í Oddsbrekkum, milli Tungumela og Þingvallavegar. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að búið var að rjúfa skarð í lítinn hrygg sem reiðstígur lá yfir. Ljóst er að hryggurinn hefur verið talsverður farartálmi fyrir hestamenn vegna mikils hæðarmismunar og bratta á stígunum.

Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Harðar sendi Mosfellsbæ upplýsingar um fyrirhugaðar lagfæringar á reiðstígum í Mosfellsbæ og í þeim áætlunum var gert ráð fyrir lagfæringum á reiðstígum. Í þeim áætlunum er þó hvergi getið jarðvegsvinnu, landmótunar eða framkvæmda af því umfangi sem þarna hefur orðið, heldur aðeins rætt um heflun leiðar, endurbætur á yfirlagi og lagfæringum á skarði. Framkvæmdirnar sem ráðist var í eru mjög grófar og frágangi verulega ábótavant. Ekki hefur verið gengið frá bökkum sitthvoru megin, brúnir jafnaðar út eða sáð í opin sár. Auk þess eru framkvæmdirnar mjög nálægt lóðarmörkum aðliggjandi landspildu í eigu einkaaðila og liggja alveg að girðingum á þeirri lóð og geta valdið skemmdum á þeim.

Landið þar sem framkvæmdirnar áttu sér stað er ekki í eigu Mosfellsbæjar heldur í eigu Landsbankans. Svæðið virðist ekki vera innan hverfisverndar Köldukvíslar.

Það er mat umhverfissviðs að sækja hefði þurft um framkvæmdaleyfi til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar vegna framkvæmda af þessu tagi, þar sem um talsverða landmótun og rask er að ræða.

Nauðsynlegt er að bregðast við til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna nú þegar. Gera þarf kröfu til forsvarsmanna Hestamannafélagsins Harðar að ganga nú þegar betur frá framkvæmdasvæðinu, lagfæra bakka og aðlaga betur að umhverfinu, á meðan veður leyfir. Næsta ár verði síðan sáð í opin sár og frekari lagfæringar gerðar. Ekki er talið heppilegt að reynt verði að endurheimta fyrra útlit svæðisins með því að fylla upp í skarðið eða endurheimta fyrra horf þar sem það myndi hafa í för með sér enn frekari rask og landmótun á svæðinu. Hins vegar er nauðsynlegt að rætt verði við forsvarsmenn hestamannafélagsins um bætt vinnubrögð við lagfæringar á reiðstígum til að koma í veg fyrir slíkar framkvæmdir geti orðið aftur án samráðs og fullnægjandi leyfa.

Virðingarfyllst,

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri



Loftmynd sem sýnir legu reiðstígs í Oddsbrekkum



Loftmynd sem sýnir staðsetningu framkvæmda í Oddsbrekkum



Skarð í hrygg séð að norðanverðu



Skarð í hrygg séð að sunnanverðu